

Nr.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 741/2009 um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta.

1. gr.

Í stað „5. nóvember 2008“ í 1. mgr. 4. gr. komi: „11. maí 2016“.

2. gr.

b. liður 24. gr. orðist svo:

Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 11. maí 2016 um viðeigandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði rafrænna fjarskipta sem geta gefið tilefni til fyrirframálagningar kvaða í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í XI. viðauka EES-samningsins, lið 5cl (tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu), með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 með EES-samningnum og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka samningsins, sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 093/16/COL sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, dags. 30. mars 2017, á bls. 1.

3. gr.

Í stað „nr. 193/04/COL frá 14. júlí 2004“ í c. lið 24. gr. komi: frá 2. desember 2009.

4. gr.

Viðauki við reglugerðina orðist svo:

VIÐAUKI

Viðkomandi vöru- og þjónustumarkaðir á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu, sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 11. maí 2016:

Markaður 1: Lúkning símtala í einstökum almennum símkerfum með fasttengingu – heildsala

Markaður 2: Lúkning símtala í einstökum farsímakerfum – heildsala

Markaður 3: a) Staðaraðgangur með fasttengingu – heildsala

b) Miðlægur aðgangur með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur – heildsala

Markaður 4: Aðgangur með fasttengingu af miklum gæðum – heildsala

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, sbr. 75. gr. sömu laga, og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, . janúar 2018.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.